

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 20. júlí 2026 eftirfarandi:

Vetrarbraut 19 – óveruleg deiliskipulagsbreyting Vetrarmýrar.

Tillagan gerir ráð fyrir óverulegri breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar sem gerir ráð fyrir því að lóðin Vetrarbraut 19 minnki úr 5.641 m² í 3.955 m². Um leið hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar úr 2,5 í 3,6. Einnig gerir breytingartillagan ráð fyrir því að rampur fyrir bílakjallara verði bæði á lóðinni Vetrarbraut 17 og Vetrarbraut 19 en ekki sameiginlegur rampur eins og skipulagið gerir ráð fyrir.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 og samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 21. júlí 2026.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 21. júlí 2026